# ÍSL 303
# Haustönn 2014

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir | **Sk.st.** | ÁBE, BEB, KRÁ |

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak fornmálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Fjallað er um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfræðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og Gestaþáttar Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungu.

**Markmið:**

Að nemandi

- rifji upp heimsmynd goðafræðinnar sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, og skilji hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kunni skil á upphafi ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungu
- lesi a.m.k. einn valinn Íslendingaþátt
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti staðið skil á efni hennar

**Námsgögn:**

- *Bókmenntir í nýju landi* e. Ármann Jakobsson, gefin út 2012.
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar.
- *Egils saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1992 og síðar. Athugið að *Egils saga* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.

**Áætlun um yfirferð:**

**1. lota 25. ágúst – 19. september (4 vikur)**
Kynning á áfanganum og námsefninu. Farið í nokkur eddukvæði, þ.á.m. *Völuspá* og *Hávamál* og rifjaðir upp helstu frásagnarþættir *Gylfaginningar* í tengslum við þau (*Ormurinn langi* bls. 7-70, *Bókmenntir í n.l.* bls. 8-33). Unnin ýmis verkefni úr kvæðunum en **lotunni lýkur með 20% prófi**.

**2. lota 22. september – 10. október (3 vikur)**
**Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum:** Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Bókmenntir í n.l.* bls. 36-48, *Ormurinn langi* bls. 91,109, 111). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur. Einnig er fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi* bls. 141-156, 171-176, *Bókmenntir í n.l*. bls. 65, 113, 123-129).
**Lotunni lýkur með 10% prófi.**

**3. lota 13. - 24. október (2 vikur)**
**Upphaf ritunar og sagnabókmennta:** Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, Íslendingaþætti, konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi* bls. 113-123, 133-137, *Bókmenntir í n.l.* bls. 34-34, 49-112, 114-122).
**Lotunni lýkur með 20% prófi.**

**4. lota 27. október – 2. desember (5 vikur)**
***Egils saga*:** Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar (bls. vii-xxxv) og farið yfir hana í áföngum með ýmsu móti, s.s. með verkefnum af ólíku tagi, hópvinnu og einstaklingsvinnu. **Inni í lotunni verður 10% Moodle-próf.**

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| | |
|---|---|
| Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 1. lotu | 20% |
| Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 2. lotu | 10% |
| Próf úr sagnaritun | 20% |
| Moodle-próf úr *Egils sögu* | 10% |
| Lokapróf í annarlok | 40% |

**Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.0 til að verkefni og próf yfir önnina gildi til lokaeinkunnar í áfanganum.**
**Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur verkefnaskil annarinnar skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.**

**Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**